



Borgarstjórnin í Reykjavík

27 SEP 2021

LISK 2020-10-0067

0.10

Reykjavík, 22. september 2021
R21090110
2445
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Samþykkt um hundahald í Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar þann 21. september 2021 var 4. liður fundargerðar forsætisnefndar, samþykkt um hundahald í Reykjavík, samþykktur.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins sat hjá við afgreiðslu málsins.


Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Endurskoðun á hundasamþykktum Reykjavíkurborgar var unnið í nánu og ítarlegu samstarfi við hagsmunafélag. Dýraþjónusta Reykjavíkurborgar hefur tekið til starfa og mikil ánægja er með starfseminu og eykst bæði fjöldi samtala og þjónustubeiðna, enda geta nú íbúar leitað á einn stað til þess að fá úrlausn mála sem tengjast hvers konar dýratengdum málefnum. Stórt skref var tekið með því að nú er hundahald leyft í borginni, einungis er skráningarskylda. Umráðamenn hunda þurfa einfaldlega að staðfesta að fara eftir lögum og reglum sem gilda hverju sinni. Reykjavíkurborg er með þessu orðin borg þar sem velferð hunda, umráðamanna þeirra og annarra borgarbúa er í fyrirrúmi.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Vænst er að eftir flutning verði þessi mál gegnsærri og hætt verði að fela hluti svo sem hversu mikil vinna er hjá hundaeftirlitsmanni. Ljóst er að ekki er þörf á tveimur hundaeftirlitsmönnum. Hundaeigendur einir eru látnir halda uppi dýraþjónustu í borginni með gjaldtöku fyrir að eiga hund. Þeim er skylt að greiða skráningargjald, 11.900 kr., eftirlitsgjald, 9.900 kr., og handsömunargjald sleppi hundurinn, kr. 30.200. Enginn afsláttur er gefinn ef fólk á fleiri hunda og ekki er hægt að framsejja leyfi. Komið er inn ákvæði um refsingar sé samþykktinni ekki fylgt, allt að fjögurra ára

fangelsi. Hundaeigendur þurfa ekki á dýrabjónustu Reykjavíkur að halda. Hagsmunasamtök hundaeigenda sjá um flest allt, t.d. fræðslu. Matvælastofnun sinnir ábendingum ef grunur er t.d. um illan aðbúnað. Áfram á að halda inni að birta lista yfir hvar hundar eiga heima. Fulltrúa Flokks fólksins finnst engin haldbær rök vera fyrir því.



Helga Björk Laxdal

e.u.